

**Ed.**

## **534. Frumvarp til laga**

um mat á beitu o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

### **1. gr.**

Enga beitu, sem ætluð er til sölu, má frysta, nema hún hafi áður verið metin af beitumatsmanni.

### **2. gr.**

Óheimilt er að selja frysta beitu, nema hún hafi verið metin og vottorð fylgi um, að hún sé góð og óskemmd vara og henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

### **3. gr.**

Þar, sem unnt er að koma því við, annast sildarmatsmenn beitumatið, en annars fiskimatsmenn á hverjum frystingarstað. Um skyldur og réttindi beitumatsmanna fer eftir ákvæðum gildandi laga um sildar- og fiskimat á hverjum tíma.

Kostnaður af beitumati greiðist af seljendum.

### **4. gr.**

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands að ákveða hámarksverð á nýrri og frystri beitu, frystigjald á beitu og geymslugjald á beitu og heittri línu. Brot gegn slíkum verðlagsákvæðum varða sektum, allt að kr. 10000.00, auk þess, sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

### **5. gr.**

Fyrir 1. ágúst ár hvert ber Fiskifélagi Íslands að hafa safnað skýrslum um land allt um eftirfarandi atriði:

1. Beitubirgðir.
2. Beitumagn, sem frystihús, útgerðarmenn eða aðrir ætla sér að frysta til 1. október það ár.
3. Áætlaða beitunotkun á komandi ári.

Enn fremur skal Fiskifélag Íslands safna skýrslum vikulega um beitubirgðir um land allt á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. október ár hvert.

Komi það í ljós að fengnum þessum upplýsingum, að hætta sé á beituskorti, ber Fiskifélagi Íslands að aðvara viðkomandi aðila og hafa áhrif á, að úr verði bætt í tæka tíð. Hafi eigi verið bætt úr fyrirsjáanlegum beituskorti að álitum Fiskifélags Íslands innan 1. sept. ár hvert, er því heimilt að fengnu leyfi ráðherra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til beituöflunar, enda hafi viðkomandi útgerðarstaðir óskað þess.

Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitu, svo og öllum útgerðarmönnum og öðrum, sem óskað er upplýsingar frá um beituforða eða annað í sambandi við beitumál, skal skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té allar upplýsingar, sem það óskar eftir og mál þetta snerta.

### **6. gr.**

Ráðherra setur reglugerð um mat samkv. 1.—3. gr. þessara laga og gefur matsmönnum erindisbréf.

### **7. gr.**

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

### **8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.